

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um gögn vegna funda nr. 14 og 15 hjá mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði

Á fundi borgarráðs 29. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Óskað er eftir að borgarráð fái senda trúnaðarmerкта kynningu frá þjónustu- og nýsköpunarsviði UTR (upplýsinga- og tæknisviðs Reykjavíkur) sem lögð var fram á 15. fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Einnig er óskað eftir upplýsingum um gögn sem lögð voru fyrir 14. fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um rekstur upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar. Bæði fundargögnin voru merkt sem trúnaðarmál og voru færð í trúnaðarbók ráðsins.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Á fundi mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs 13. febrúar fór fram trúnaðarmerkt kynning á niðurstöðum greiningar Capacent á rekstri Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar. Bókanir undir liðnum voru færðar í trúnaðarbók mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Á fundi mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs 27. febrúar fór fram trúnaðarmerkt kynning þjónustu- og nýsköpunarsviðs á UTR – Vegferðin framundan.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur aflað þeirra gagna sem lögð voru fram undir þessum lið. Í ljósi þess að um er að ræða trúnaðarmerktar kynningarglærur með viðkvæmum upplýsingum um rekstrargreiningu UTR og tillögur sem enn eru í vinnslu, verður borgarráðsfulltrúum heimilt að kynna sér gögnin á skrifstofu borgarstjórnar sbr. ákvæði 4. mgr. 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar